

TILLAGA STARFSHÓPS LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA (LH) UM
ÍSLANDSMÓT INNANHÚSS OG ÍSLANDSMÓTARÖÐ Í HESTAÍPRÓTTUM.
(Lagt fram til umræðu á formannafundi LH í nóvember 2025)

1. Íslandsmót innanhúss 2026

INNGANGUR:

Í samræmi við skipun starfshóps L.h. til að fylgja eftir tillögu sem lögð var fram af hálfu hestamannafélaganna Sörla, Harðar og Sóta sem samþykkt var á Landsþingi L.H. 2024 skipaði stjórn L.h. starfshóp sem fékk það verkefni að koma fram með tillögum um það með hvaða hætti væri hægt að koma á fót keppni á Íslandsmótaröð innanhúss í hestaípróttum.

Samkvæmt hinni samþykktu tillögu skyldi leggja tillögu starfshópsins fyrir formannafund árið 2025, með það að markmiði að keppni gæti hafist árið 2026.

NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPSINS:

Starfshópurinn leggur til að haldið verði fyrsta Íslandsmót innanhúss vorið 2026, sem formlegt upphaf að framtíðarmótaröð innanhúss á vegum LH.

1. Mótið verði:

- viðburður yfir 2–3 daga,
- á einum innanhússkeppnisstað,
- eingöngu opið keppendum sem ná ákveðnum einkunnalágmörkum í viðkomandi keppnisgreinum í fullorðinsflokki í innanhússkeppnum vetrarins, sama í hvaða deild eða móti það er. Nánari ákvæði um það hver á keppnisrétt á Íslandsmóti innanhúss 2026 verði ákveðin á vegum L.h, svo sem hvort fjöldi er takmarkaður og lágmark einkunna eftir því sem best þykir. Slíkar reglur verði birtar fyrir fyrsta formlega innanhússmót vetrarins.
- keppendur sem náð hafa tilgreindu einkunnalágmarki þurfa að hafa náð þeim á innanhússkeppnisvelli sem uppfyllir lágmarkskröfur L.h. um stærð og aðbúnað reiðhalla, sjá nánari umföllun síðar.
- Einungis árangur þar sem keppt er eftir lögum og reglum L.h. og FEIF er viðurkenndur sem grunnur að keppnisrétti á Íslandsmóti innanhúss.

2 Keppt verði í eftirfarandi greinum samkvæmt reglum LH:

- Fjórgangi
- Fimmgangi
- Tölti
- Slaktaumatölti

Gæðingalist er ekki hluti mótsins 2026 þar sem þegar er keppt í henni samkvæmt

reglugerð LH. Starfshópurinn telur þó rétt að skoða möguleika á að fella hana inn í mótaröðina síðar, þegar reynsla hefur skapast af fyrirkomulaginu. Þetta ætti í raun að gerast sem fyrst til að vinsældir gæðingalistar eflist.

L.h. auglýsir eftir hestamannafélagi til að halda mótið strax að loknum formannafundi 2025, verði tillagan samþykkt, þegar reglur og lágmarkskröfur til keppnishalla liggja fyrir.

Í samræmi við tillögu sem samþykkt var á Landsþingi L.h. í Borgarnesi 2024 þarf L.h. að klára vinnu við að skilgreina löglegan keppnisvöll og lágmarkskröfur til innanhússkeppnisvalla. Einungis verði heimilt að taka gildan árangur sem veitir keppnisrétt á Íslandsmóti innanhúss, sem fenginn er í keppni í húsi sem uppfyllir kröfur L.h og þar sem keppt er eftir lögum og reglum L.h.

Þetta fyrirkomulag er lagt til þar sem vetrarstarf 2025–2026 er þegar skipulagt, og sú leið sem hér er lýst er því raunhæft fyrsta skref til að hefja keppni á Íslandsmóti innanhúss án þess að raska núverandi vetrardagskrá hestamannafélaga og hinna mörgu keppnisdeilda, sem flestar hafa þegar ákveðið sín keppniskvöld.

2. Íslandsmótaröðin – frá vetri 2026–2027

Starfshópurinn leggur jafnframt til að fyrir næsta landsþing 2026 verði lögð fram reglugerð fyrir Íslandsmótaröð innanhúss af keppnisnefnd L.h, sem byggir á reynslu og niðurstöðum Íslandsmótsins 2026. Sem verði í grunnatriðum byggð á eftirfarandi niðurstöðum starfshópsins.

Íslandsmótaröðin verði tvískipt:

- Suðurdeildin
- Norðurdeildin

3. Fyrirkomulag Íslandsmótaraðarinnar

- Í hvorri deild fari fram fjögur keppniskvöld, alls átta keppniskvöld á landsvísu (ATH gæti breyst ef gæðingalist bætist við)
- Hver keppnisgrein hefur sitt eigið keppniskvöld þar sem eingöngu er keppt í þeirri grein.
- Á hverju keppniskvöldi er riðin forkeppni og úrslit.
- Efstu þrír keppendur tryggja sér sæti á lokamóti mótaraðarinnar („Galakvöldi“).
- Keppendur safna stigum á öllum stigum mótaraðarinnar, Á lokamótinu keppa 3 efstu keppendur úr báðum deildum alls 6 í hverri grein.

Riðin eru úrslit þar í þeim greinum sem keppt er í á mótaröðinni. Keppendur keppa þá á þeim hesti sem þeir kepptu á þegar þeir komust í úrslit. Ef einhver heltist úr lestinni tekur næsti keppandi sæti hans.

Á lokakvöldi verður krýndur:

- Íslandsmeistarar innanhúss í hverri grein,
- Sameiginlegur meistari Íslandsmótaröðarinnar (sá sem hefur flest stig samanlagt)
- Íslandsmeistari liða (hestamannafélaga), þ.e. félag með flest stig yfir veturinn.

4. Lengri sýn og þróun

Starfshópurinn leggur áherslu á að Íslandsmótið 2026 verði fyrsta skref í uppbyggingu samræmdrar Íslandsmótaraðar innanhúss. Þegar reynsla hefur skapast af keppnisfyrirkomulaginu verði eftirfarandi atriði skoðuð nánar:

1. Innleiðing gæðingalistar í mótaröðina – metið verði hvort og hvernig fella megi gæðingalist inn í framtíðarútgáfu mótaraðarinnar undir merkjum LH.
2. Félagaskipti og félagaskiptagluggi – starfshópurinn telur rétt að skoða reglur um félagaskipti og hugsanlegan félagaskiptaglugga í tengslum við Íslandsmótaröðina. Slíkt gæti gert hestamannafélögum kleift að mynda öflug og samkeppnishæf lið, þar sem keppendur geti skipt um félag fyrir tímabil mótaraðarinnar. Með þessu mætti auka spennu og fjölbreytni í keppninni, þar sem „félagaskiptagluggi“ gæti orðið áhugaverður hluti hestaþróttalífsins – líkt og þekkist í öðrum íþróttum. Félagaskipti vegna mótaraðarinnar þurfa ekki að vera tengd almennu félagaskiptafyrirkomulagi L.H.

GREINARGERÐ

Innanhússkeppnir hafa á undanförunum árum orðið eitt öflugasta afl íslenskrar hestamennsku. Fjölmargar deildir og mótaraðir hafa sprottið upp um land allt, haldið úti vönduðu keppnisstarfi og skapað lifandi samfélag knapa, aðstandenda og áhorfenda. Ekki er ætlunin að breyta því.

Þrátt fyrir mikla grósku vantar sameiginlegan toppviðburð á landsvísu, þar sem Íslandsmeistarar innanhúss eru krýndir á vegum Landssambands hestamannafélaga. Einnig vantar viðburð þar sem félagsmenn hinna fjölmörgu hestamannafélaga keppa innanhúss fyrir sig og sín félög. Það er von starfshópsins að svona deildarkeppni myndi skapa

skemmtilega stemmningu, bæta innra starf félaganna, hvetja til liðsheildar og hugsanlega auðvelda tekjuöflun félaga. Sjá má fyrir sér að mikill metnaður væri

lagður í það að ná inn á lokakvöldið og að vinna titla.

Starfshópurinn leggur því til tvö skýr og framkvæmanleg skref:

1. Íslandsmót innanhúss 2026 – fyrsta formlega Íslandsmótið á vegum LH, haldið sem einn 2–3 daga viðburður.

Þetta mót er prófsteinninn á framkvæmd, regluverk og þátttöku, og markar upphaf nýrrar hefðar þar sem keppendur á efsta stigi etja kappi á landsvísu innanhúss.

2. Íslandsmótaröðin 2026–2027 – tvískipt mótaröð sem nær yfir allt landið og leiðir saman fremstu knapa Íslands. Keppnin verður skipulögð, sýnileg og fagleg og mun styrkja stöðu hestaíþróttar og efla áhorf, auka áhuga almennings og efla félagsanda innan hestamannafélaganna.

Til lengri tíma mun þetta fyrirkomulag leggja grunn að sterkri og spennandi landskeppni sem vekur athygli jafnt innanlands sem utan og stuðlar að áframhaldandi fagmennsku, samstöðu og þróun innan hreyfingarinnar.

Undirritun starfshópsins

(Nafn) – Hestamannafélagið

(Nafn) – Hestamannafélagið

(Nafn) – Hestamannafélagið

(Nafn) – Hestamannafélagið

Dags. _____ 2025